

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. framlög þeirra, er vilja minnst Þorgeirs Ljósveitningagoða og kristnitökunnar og unna Ljósavatnsstað.
- b. áheit og minningargjafir.
- c. vextir af innstæðum.

4. gr.

Biskupsskrifstofan í Reykjavík annast vörzlu, ávöxtun og reikningshald sjóðsins, og skulu reikningar hans endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ákvörðun um ráðstöfun fjármuna hans hafa á hendi: Biskupinn yfir Íslandi, prófastur Suður-Þingeyjarprófastsdæmis og sóknarprestur Ljósavatnskirkju.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Ármanns Hallgrímssonar. Jón Ármann Hallgrímsson, nemandi í Hagaskóla, lézt af slysförum í júní 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag leikflokksins Rekkjan (Gunnar Eyjólfsson, **Herdís Þorvaldsdóttir**, Klemenz Jónsson) kr. 8550.00, er var ágóði af sýningu samnefnds leikrits í Hagaskóla 21. okt. 1962, svo og kr. 5620.81, innstæða í sparisjóðsbók Jóns Á. Hallgrímssonar, er foreldrar hans afhentu sjóðnum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. Að minnsta kosti 5% af árlegum nettótekjum alls skemmtana- og félagslífs Skólafélags Hagaskóla (er þá átt við áður en greiddir eru ferðastyrkir). 2. Gjafir og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla félags- og menningarstarfsemi nemenda Hagaskóla, einkum á sviði leiklistar og tónlistar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1. Skólastjóri Hagaskóla eða kennari, tilnefndur af honum. 2. Hallgrímur Jakobsson, faðir Jóns Á. Hallgrímssonar, meðan hans nýtur við og síðan sá, er nánustu ættingjar tilnefna. 3. Fulltrúi nemenda skólans, tilnefndur árlega af stjórn skólafélagsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast vörzlu hans og ávöxtun. Stjórnin ákveður, hvenær fé skuli veitt úr sjóðnum og hve miklu hverju sinni. Nú hefur verið veitt fé úr sjóðnum, og má þá eigi skerða hann að nýju, fyrr en innstæða sjóðsins er orðin a. m. k. 5% hærri en hún var við síðustu veitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, færa inn í hana skipulagskrána, samþykki sjóðsstjórnar, veitingar úr sjóðnum og annað, sem varðar rekstur hans. Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 93, 22. apríl 1960, um iðnfræðslu.

1. gr.

Á eftir orðinu „bifvélavirkjun“ í 2. gr. reglugerðarinnar, komi: bílamálun.

Við orðið „ljósmyndun“ í sömu grein, komi:

persónuljósmyndun,
almenn ljósmyndun.

2. gr.

Á eftir orðinu „leturgrefti“ í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar, komi Ljósmyndun:

persónuljósmyndun,*
almenn ljósmyndun.

Orðið „ljósmyndun“ í c-lið 3. gr. reglugerðarinnar falli burt.

3. gr.

Á eftir orðinu „Málarar“ í 31. gr., VI. kafla reglugerðarinnar, 4. lið n, komi: og bílamálarar.

Síðasti málslíður VII. liðs, 31. gr. reglugerðarinnar, orðist þannig: Bílamálarar, leirkerasmiðir, málarar og prentarar skulu kunna undirstöðuatriði almennrar litafræði og samsetningu lita.

4. gr.

Á eftir orðinu „Bifreiðasmiði“ í 58. gr. reglugerðarinnar, komi bílamálun.

5. gr.

59. gr. 2. tölulíður reglugerðarinnar orðist þannig: Próftaki skal velja með út-drætti eitt atriði í hverjum neðanskráðra flokka og framkvæma þau atriði, sem hann dregur. Auk þess skal hann sýna kunnáttu sína í rafsúðu, svo og logsjóða saman tvær 1 mm þykkar járnplötur, sem séu a. m. k. 50 cm á hvern veg.

1. flokkur:

- a. Smíða bita í þak.
- b. Smíða staf í bogna hurð.

* tekur ekki til þeirra námssamninga, sem þegar hafa verið staðfestir.